



## Minnisblað

Tilvísun: 1151232-000-HMO-0002

20.5.2019

Til: Hafnarfjarðarbær  
Þormóður Sveinsson

Efni: **Vistvæn byggð: Tillögur að aðgerðum**

Í framhaldi af vinnustofu með umhverfis- og framkvæmdaráði og skipulags- og byggingaráði ásamt embættismönnum Hafnarfjarðarbæjar eru eftirfarandi aðgerðir lagðar til. Tilgangur aðgerðanna er meðal annars að framfylgja markmiðum mannvirkjalaga sbr. 1.gr. laga nr. 160/2010, en þau eru:

- a. Að vernda líf og heilsu manna, eignir og umhverfi með því að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi mannvirkja og heilnæmi sé fullnægt.
- b. Að stuðla að endingu og hagkvæmni mannvirkja, m.a. með því að tryggja að þau séu hönnuð þannig og byggð að þau henti íslenskum aðstæðum.
- c. Að stuðla að vernd umhverfis með því að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi við hönnun og gerð mannvirkja.
- d. Að stuðla að tæknilegum framförum og nýjungum í byggingariðnaði.
- e. Að tryggja aðgengi fyrir alla.
- f. Að stuðla að góðri orkunýtingu við rekstur bygginga.

Einnig er horft til umhverfis- og auðlindastefnu Hafnarfjarðarbæjar með það fyrir augum að stuðla að aukinni sjálfbærni í skipulags- og byggingarmálum í sveitarfélaginu og gera Hafnarfjörð að aðlaðandi stað til að byggja vistvænt.

### Aðgerðir

**a) Sett verði í skipulagsskilmála skilyrði um djúpgáma á öllum uppbyggingarsvæðum. Auk þess verði gert verði ráð fyrir þeim við endurskoðun á skipulagsskilmálum í eldri hverfum.**

Aðgerðin framfylgir markmiði 3.3. í umhverfis- og auðlindastefnu Hafnarfjarðarbæjar. Aðgerðin gengur lengra en áður skilgreindar aðgerðir í stefnunni og stuðlar að aukinni og einfaldari flokkun í sveitarfélaginu.

**b) Sett verði í skipulags- og úthlutunarskilmála tilvísun í grein 15.2.4 í byggingareglugerð um endurvinnslu úrgangs á framkvæmdastað og tekið upp sektarkerfi í samræmi við grein 2.9.2. um að knýja fram úrbætur.**

Aðgerðin framfylgir markmiði 3.7. í umhverfis- og auðlindastefnu Hafnarfjarðarbæjar um að halda úrgangi frá framkvæmdasvæðum í lágmarki og stuðla að aukinni endurvinnslu. Í byggingareglugerð er nú þegar að finna kröfu um aukna flokkun byggingarúrgangs ásamt grein um aðgerðir til úrbóta og heimild til að beita sektum.

**c) Að minnsta kosti 20% byggingarefna í nýframkvæmdum skuli hafa umhverfsvottun.**

Aðgerðin framfylgir markmiði 4.5. í umhverfis- og auðlindastefnu Hafnarfjarðarbæjar sem snýr að kolefnisspori byggingarefna, umhverfsvænu og endurnýttu efnisvali.

Með því að velja umhverfisvottað byggingarefni er gengið úr skugga um að byggingarefni hafi minni neikvæð áhrif á umhverfi- og samfélag en sambærileg byggingarefni. Sem dæmi geta umhverfsvottuð byggingarefni stuðlað að bættri innivist og vellíðan notenda bygginga þar sem ekki er að finna mengandi efni sem losast út í andrúmsloftið í efnunum.

Samkvæmt BREEAM International New Construction er möguleiki að fá stig ef a.m.k 10% byggingarefna samkvæmt aðferðarfræði BREEAM eru með einhverja umhverfsvottun eða framleidd af fyrirtæki með umhverfisstjórnkerfi en flest stig fást ef 52% eða meira uppfylla þá kröfu (Nánar má lesa sig til í Mat03 kafla í BREEAM International New Construction 2016 staðlinum). Til samanburðar fæst 1 stig í svansvottun ef 10% byggingarefna í hverjum flokki byggingarefna er með umhverfsvottun en 3 stig ef 50% þeirra eru vottuð (flokkar byggingarefna eru skilgreindir í viðauka 13 í staðli Svansins).

**d) Hafnarfjarðarbær sýni fordæmi og móti sér stefnu um vottun allra nýbygginga á vegum sveitarfélagsins.**

Aðgerðin framfylgir markmiði 4.6. í umhverfis- og auðlindastefnu Hafnarfjarðarbæjar sem snýr að byggingu vistvænna mannvirkja. Ef hvetja á framkvæmdaraðila til að fara í þessa átt þykir mikilvægt að sveitarfélagið sýni fordæmi í verki og seti sér stefnu um vottun bygginga á sínum vegum.

**e) Innleiddir verði hvatar til að hvetja framkvæmdaraðila til þess fá Svansvottun, BREEAM vottun eða sambærilegt á nýbyggingar, meðal annars í formi afsláttar af gatnagerðargjöldum eða lóðaverði.**

Aðgerðin framfylgir markmiði 4.6. í umhverfis- og auðlindastefnu Hafnarfjarðarbæjar sem snýr að byggingu vistvænna mannvirkja. Ljóst er að enn eru margir sem setja kostnað fyrir sig þegar kemur að vottun og mikilvægt að beita einhverjum ívilnunum til að gera Hafnarfjörð að aðlaðandi stað til uppbyggingar vistvottaðra mannvirkja. Algengustu vottunarkerfi bygginga hér á landi eru Svanurinn og BREEAM.

Svanurinn er norrænt umhverfismerki sem var stofnað af Norrænu ráðherranefndinni 1989 og hefur vottað byggingar frá 2005. Svanurinn vottar íbúðarhúsnæði, skóla og leikskóla og er markmiðið að draga úr umhverfisáhrifum og mengun frá byggingariðnaðinum. Vottunarkerfið byggist á 5 matsflokkum sem innihalda skylduþætti og valþætti sem bygging þarf að ná. Ekki er gefin einkunn fyrir frammistöðu heldur þarf að uppfylla ákveðin atriði til að ná vottun, sem dæmi þarf skóli að uppfylla a.m.k. 15 af 39 skylduþáttum til að fá vottun. Hvaða 15 skylduþáttum er náð, er nokkuð valfrjálst.

BREEAM er alþjóðlegt vottunarkerfi sem rekið er af BRE Global Ltd í Bretlandi. Vottunarkerfið var stofnað árið 1990 en er nú notað í 79 löndum og yfir 2,2 milljónir bygginga hafa verið skráðar til vottunar. Vottunarkerfið fyrir byggingar byggist upp á 9 flokkum sem hver skiptist niður í ákveðna matsþætti. Matsþættirnir hafa ákveðinn stigafjölda hver en flokkarnir hafa vægi. Til að ná ákveðinni einkunn þarf að ná fyrir fram gefnu stigahlutfalli en 30% er lágmark til að fá vottun en einkunnir miðað við stigahlutfall má sjá nánar í meðfylgjandi töflu.

BREEAM einkunn	Stigahlutfall	Hlutfall bygginga í heiminum sem ná einkunn
<b>Pass</b>	≥ 30%	75%
<b>Good</b>	≥ 45%	50%
<b>Very Good</b>	≥ 55%	25%
<b>Excellent</b>	≥ 70%	10%
<b>Outstanding</b>	≥ 85%	10%

Vottunarkerfin eru ólík um margt, með ólíkar áherslur og ólíkt umfang. Erfitt er því að stilla þeim upp hlið við hlið.

Virðingarfyllt,  
Sandra Rán Ásgrímsdóttir,  
Sjálfbærniverkfræðingur

Afrit: RB